



LÖGFRÆÐI

Birgir Már Björnsson

Höfundur er hæstaréttarlögmaður á LEX lögmannsstofu og kennari í skuldaskilarétti við Háskólann í Reykjavík.

Beiting í raun

Við gjaldþrotaskipti gildir meginreglan um jafnræði kröfuhafa. Mikilvæg undantekning frá meginreglunni eru reglur um svokallaða réttthæð krafna. Þar hefur löggjafinn ákveðið að við gjaldþrotaskipti skuli tiltekna kröfur njóta forgangs umfram aðrar. Eign um þrotabús skal þá fyrst varið til greiðslu þeirra áður en greiðslur réttlægri krafna koma til efnda. Ein tegund krafna sem veittur er slíkur forgangur eru launakröfur starfsmanna sbr. 1.-3. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. (gþl.) en undir það falla m.a. kröfur um ógreidd laun á síðustu 18 mánuðum fyrir frestdag, auk krafna um laun á uppsagnarfresti. Samþykktar launakröfur starfsmanns í þrotabú eru þýðingarmikil réttindi fyrir launamann við gjaldþrotaskipti vinnuveitanda enda kunna slíkar kröfur að njóta ábyrgðar Ábyrgðarsjóðs launa samkvæmt lögum nr. 88/2003. Launakröfur geta verið greiddar launamanni í heild eða að hluta af Ábyrgðarsjóði launa óháð eignastöðu þrotabús.

Þessar undantekningarreglur gjaldþrotalaga um forgang launakrafna takmarkast af 3. mgr. 112. gr. gþl. er mælir fyrir um að þeir sem teljast nákomnir þrotamanni njóti ekki forgangs launakrafna sinna í þrotabú. Ákvæðið var sett til að fyrirbyggja að forráðamenn gjaldþrotafélaga og menn nákomnir þrotamanni gætu notið forgangsréttar fyrir kröfum sínum um vinnulaun, laun í uppsagnarfresti og orlofsfé. Upphaflega var ákvæðið bundið við það að aðili hafi setið í stjórn félagsins eða haft með höndum framkvæmdastjórn þess. Með breytingarlögum nr. 95/2010 var skilgreining hugtaksins nákominn í 3. gr. gþl. rýmkuð svo hún tæki jafnframt til stjórnarmanna í félagi og þeirra sem stýrðu daglegum rekstri. Samhliða var skilyrði 3. mgr. 112. gr. gþl. um að aðili hafi haft með höndum framkvæmdastjórn, felld brott.

Í dómaframkvæmd Hæstaréttar fyrir gildistöku laga nr. 95/2010 var litið til ýmissa þátta við mat á því hvort einstaklingur hefði haft með höndum framkvæmdastjórn félags, svo sem möguleika til áhrifa innan þess, stjórnunarheimilda, verksviðs og launakjara. Markmið matsins var að staðreyna hvort viðkomandi launamaður hafi farið með raunverulega yfirmannsstöðu. Með raunverulegri yfirmannsstöðu var ekki eingöngu átt við þann sem að forminu til var titlaður framkvæmdastjóri samkvæmt félagaréttarlöggjöf og tilkynntur sem slíkur til hluta-félagaskrár eða hvort hlutverk hans hafi að verulegu leyti samræmt heimildum, skyldum og ábyrgð framkvæmdastjóra í skilningi hluta-félagalaga. Fyrst og fremst var litið til þess hvort viðkomandi hafi haft yfirmannsstöðu hjá hinu gjaldþrota félagi.

Í nýlegum dómi Hæstaréttar í máli nr. 36/2020 kom ágreiningur um túlkun skilyrðisins um stjórn daglegs

rekstrar í fyrsta sinn til umfjöllunar fyrir Hæstarétti sem fordæmisgefandi dómstóls en þar sneri Hæstiréttur við niðurstöðu héraðsdóms sem staðfest hafði verið í Landsrétti. Í málinu var tekist á um launakröfu framkvæmdastjóra fjármálasviðs/fjármálastjóra flugfélags. Fjármálasviðið var eitt fimm stoðsviða félagsins þar sem störfuðu 22 starfsmenn og undir það féll sjóðsstýring, innkaupadeild, bókhaldsdeild, hagdeild og lögfræðideild. Staða framkvæmdastjórans heyrði undir forstjóra félagsins og um tíma aðstoðarforstjóra þess. Framkvæmdastjórinn hafði ásamt for-

stjóra prókúrumboð fyrir félagið og sérstaka B-heimild frá stjórn til að skuldbinda einn félagið fyrir allt að 500.000 USD og allt að 1.000.000 USD ásamt aðstoðarforstjóra.

Framkvæmdastjórinn byggði á því í mál-

inu að við mat á því hvort hann teldist nákominn félaginu í skilningi 3. gr. gþl. bæri síður að horfa til formlegra heimilda sem staða hans veitti, heldur fremur það hvort heimildunum hefði verið beitt í raun. Í því sambandi yrði að líta til eðlis rekstrar flugfélaga og þess að eigandi félagsins, sem jafnframt var forstjóri þess, hefði stýrt daglegum rekstri og framkvæmdastjórinn engar ákvarðanir tekið um daglegan rekstur, hvorki tekjur né útgjöld. Þær heimildir sem framkvæmdastjórinn hefði haft til að skuldbinda félagið hefðu einungis verið formlegs eðlis og til komnar vegna tíðra fjarvista forstjórans.

Í dómi Hæstaréttar vísaði rétturinn til þess að framkvæmdastjórinn hefði haft ríkar heimildir til að skuldbinda félagið sem voru án takmarkana annarra en þeirra sem leiddu af lögum um prókúrumboð og reglum stjórnar. Framkvæmdastjórinn hefði þá verið í stöðu til að hafa áhrif á stefnumótun félagsins og raunverulegt vald til töku ákvarðana um mikilsverðra hagsmuni og setið fundi stjórnar og veitt mikilsverðar upplýsingar um fjárhagsstöðu félagsins. Með vísan til þessa taldi Hæstiréttur að framkvæmdastjórinn teldist til lykilstjórnenda félagsins. Í ljósi stöðu framkvæmdastjórans í skipuriti félagsins, stærðar þess og eðlis rekstrarins, heimilda hans til að skuldbinda það, yfirsýnar hans yfir fjárhagsstöðuna auk stjórnunarheimilda yfir starfsfólki, taldi Hæstiréttur að framkvæmdastjórinn teldist hafa stýrt daglegum rekstri félagsins og teldist nákominn í skilningi 3. gr. gþl. Af því leiddi að launakrafa hans taldist almenn krafa í þrotabúð og naut ekki ábyrgðar Ábyrgðarsjóðs launa.

Í samræmi við nýtt hlutverk Hæstaréttar sem fordæmisgefandi dómstóls veitir þessi dómur ágætar leiðbeiningar um nánara inntak skilyrðisins um stjórn dagslegs rekstrar. Af dómi Hæstaréttar má þá ráða að skilgreining nákomins aðila í þessu tilliti ráðist fremur af því hvaða stöðu og heimildir aðili hafði hjá félaginu, en því hvort aðilinn hafi beitt sér á grundvelli þeirra í raun.

” Samþykktar launakröfur starfsmanns í þrotabú eru þýðingarmikil réttindi.